Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 7. nóvember 2023.
Málsnr. 2205009
PBG/HH

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: Fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Ofangreint var til umræðu á 566. fundi stjórnar SSH sem fram fór hinn 16. október sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

“2205009 - Skíðasvæðin -Rekstur

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2024 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu Samstarfsnefnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð nefndarinnar dags. 13. október 2023 og eru þær lagðar fram til staðfestingar eigendavettvangs skíðasvæðanna. Þá er fyrirliggjandi erindi vegna tillagna nefndarinnar að tilfærslum á tímalínu framkvæmdaáætlunar vegna endurnýjunar og uppbyggingar skíðasvæðanna og frekari greiningar vegna skíðasvæðisins í Skálafelli en þær voru jafnframt samþykktar af hálfu nefndarinnar á fundi hennar föstudaginn 13. október. Fjármálastjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar kynnir gjaldskrá og fjárhagsáætlun Skíðasvæðanna.

Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir fjárhagsáætlun og fjárfestingaætlun skíðasvæðanna fyrir sitt leyti og er henni vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Þá er fyrirliggjandi svohljóðandi tillaga Samstarfsnefndar skíðasvæðanna til eigendavettvangs um frekari greiningu varðandi uppbyggingu í Skálafelli samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvaeðanna:

"Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins leggur til við stjórn SSH að farið verði í þá vinnu að uppfæra nánar þarfagreiningu og kostnaðaráætlanir vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á skíðasvæðinu í Skálafelli ásamt því að greina og fjalla frekar um þá þætti sem geta haft áhrif á fyrrgreinda uppbyggingu. Á þeim tíma sem sú vinna stendur yfir verði öllum frekari framkvæmdum í Skálafelli sem fyrirhugaðar voru samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna frestað um tvö til þrjú ár. Vinna við ofangreint fari fram á árinu 2024 á vettvangi verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum og niðurstöður kynntar samstarfsnefnd skíðasvæðanna og í framhaldinu stjórn SSH. Að lokinni umræðum og ákvörðun verði samningurinn á milli sveitarfélaganna um Skálafell uppfærður. Að teknu tilliti til framangreinds er fjárfesting ársins 2024 áætluð 250 millj kr."

Eigendavettvangur fellst á framangreint og beinir því til verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum að hefja undirbúning vinnu vegna framangreinds.


Eigendavettvangur leggur þá áherslu á að leitað verði leiða innan reksturs skíðasvæðanna til tilfallandi opnunar í Skálafelli þegar þess gefst kostur. ”

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Tilkynnist framangreint hér með,

Farið er fram á umræðu og afgreiðslu á annars vegar fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og hins vegar bókun stjórnar SSH um tillögu samráðsnefndarinnar á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna 2024.
Gjaldskrá skíðasvæðanna 2024.
Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna 13. október 2023.
Erindi um vegna bókunar samstarfsnefndar dags. 13. október 2023.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026